

Samþykktir

1. gr.

Félagið heitir ICF Iceland.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur ICF Iceland er að efla markþjálfun sem faggrein á Íslandi og stuðla að metnaði og fagmennsku innan greinarinnar. Auk þess að efla samstarf og tengsl markþjálfra bæði innanlands og erlendis.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að fræða, miðla og tengja:

- Fræða: Standa fyrir reglulegri fræðslu og menntun á fagsviði markþjálfunar ásamt því að vera með kynningar á námsmöguleikum, vottunum, og siðareglum markþjálfra.
- Miðla: Vera talsmenn faglegrar markþjálfunar innan félagsins og á opinberum vettvangi. Standa fyrir opinberum atburðum sem kynna gagnsemi markþjálfunar bæði í atvinnulífi og menntasamfélaginu. Vera sýnileg á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.
- Tengja: Að vera tengiliður markþjálfra við ICF Global ásamt því að stuðla að öflugri tengingu markþjálfra innan fagsins og við aðrar atvinnugreinar, hvort heldur er innanlands eða erlendis.

5. gr.

Félagsaðild er tvenns konar: A og B.

A-aðild hafa þeir félagsmenn sem greiða félagsgjöld í bæði ICF Global og ICF Iceland og hafa þar með aðgang að starfsemi beggja félaga.

B-aðild hafa þeir félagsmenn sem greiða félagsgjöld í ICF Iceland en ekki í ICF Global. Þeir geta tekið þátt í starfsemi ICF Iceland.

Félagsaðild hafa þeir félagar sem hafa greitt félagsgjald og eru skuldlausir við félagið á aðalfundardegi.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er frá 1. apríl – 31. mars. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn í ICF Iceland eru gjaldgengir sem þátttakendur á aðalfundi.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í maí mánuði ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Erindi og lagabreytingar skulu berast stjórn með að minnsta kosti þriggja vikna fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna sem uppfylla skilyrði 6. gr ræður úrslitum mála. Með aðalfundarboði skulu fylgja fyrirhugaðar lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalds
- Kosning stjórnar
- Kosning endurskoðanda
- Önnur mál

8.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum; formanni, varaformanni og fimm meðstjórnendum sem kjörnir eru á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmariton er í höndum meirihluta stjórnar.

9.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

10. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til starfsemi sem stuðlar að því að ná tilgangi félagsins skv. 3. gr. Félagið skal vera óháð félagasamtök.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess í tvo jafna hluta. Annar hlutinn rennur til ICF Global og hinn hlutinn til sambærilegs félags skv. ákvörðun aðalfundar.

